

5. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.
6. Net, sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis sem hefur umræddan veiðirétt.
7. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann framvísa leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi.
8. Að öðru leyti gilda reglur um friðun og veiðar göngusilungs í ósöltu vatni í samræmi við IV. kafla laga nr. 76/1970.
9. Um brot á ákvæðum reglna þessara fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.
10. Reglur þessar, sem settar eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr., 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungaveiði, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni nr. 378 2. ágúst 1989.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við tog- og dragnótaveiðum við Vestmannaeyjar.

#### 1. gr.

Frá og með 26. maí 1989 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði er markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                          |                             |
|--------------------------|-----------------------------|
| 1. Stórhöfði             | 4. 63° 35' 40 N – 20° 34' V |
| 2. 63° 24' N – 20° 32' V | 5. 63° 30' N – 20° 14' 30 V |
| 3. Þríþrangar            | 6. Dalfjall                 |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1990.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*